KVENNABLAÐIÐ

1918.

TUTTUGASTI OG FJÓRÐI ÁRGANGUR

ÚTGEFANDI OG RITSTJÓRI:

BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR.

REYKJAVÍK
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG.
1918.

P Scan 1506.5

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

EFNI.

Alþýðueldhúsin 51.
Alþýðueldhúsin 57.
Alþýðufræðsla og skólaeldhús 37.
Aukaþingið í haust 50.
Áskorun til íslenzkra kvenna 25.

Blómgarðsvörðurinn I. 19.
Blómgarðsvörðurinn II.—IV. 36.
Búnaðarskólar kvenna 17.
Búnaðarskólar kvenna 33.
Landbúnaðarskólinn á Rimforsa 34.
Börn föðurlandsins 12.

Danskar konur í Ríkisþinginu 82.
Dýrtíðarhjálp Kaupmannahafnar 13.

Framtíðarvonir 4.
Frá útlöndum 46.
Friður 89.
Fréttir úr höfuðstaðnum 76.
Frú Elínborg Friðriksdóttir Kristjánsson 82.
Frú Stefanía Guðmundsdóttir — (með mynd) 1.
Fötin okkar 28.

Geislabrot utan úr dimmunni 24.
Geymt er ekki gleymt 26.
Geymsla á rófum 61.
Guðborg í Múlakoti 50.

Hagkvæmt uppeldi æskulíðsins 11.
Hátíðisdagur kvenna 26.
Heimilin og hústjórnarráðunautar 59.
Hialínskjóllinn hennar Önnu Maríu 31.
Hialínskjóllinn hennar Önnu Maríu 39.
Hialínskjóllinn hennar Önnu Maríu 54.

Koparketillinn (saga) 8.
Koparketillinn (saga) 14.
Koparketillinn (saga) 29.

Launakjör kvenna 65.
Launakjör kvenna 74.
Ljóð eftir Tagore 69.

»Mjolkdroppen« 30.

Norskar konur og dýrtíðin 45.

Ræða 19. júní 1918. 42.

Samtök kvenna 5.
Samvinna kvenna I. 9.
Sesam opnastu! 12.
Sitt af hvoru 53.
Stóra syndin hennar ömmu (saga) 90.

Úrslitin og næstu sporin 58.

Utan úr heimi:
Amerískar konur 6.
Frá Englandi 65.
Kosningabarátta í New York 6.
Kosningar til enska Parlamentisins 92.
Noregur 44.
Rosika Schwimmer 92.
Sömu laun fyrir sama verk 65.
Yfirlit 20.

Vegurinn að virðingunum (saga) 62.
Vegurinn að virðingunum (saga) 77.
Vegurinn að virðingunum (saga) 85.

HARVARD COLLEGE LIBRARY

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

PScan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

24. ár. | Reykjavík, 31. janúar 1918. | № 1.

Frú Stefanía Guðmundsdóttir.

Tuttugu og fimm ára leikaraafmæli.

Stefanía Guðmundsdóttir kom í fyrsta sinni fram á leiksviðið 30. janúar 1893, þá að eins 16 ára gömul. Mér er enn þá í minni hvað leikur hennar og öll framkoma hennar á leiksviðinu vakti þá þegar mikla athygli. Menn þóttust þess fullvissir að þarna væri leikaraefni með sérstaklega góðum hæfileikum. Ýmsir af hennar hæfileikum komu þegar í ljós: hinn fagri, hljómþýði, skýri málrómur, sem heyrist um allan salinn í Iðnó, hvað lágt sem hún talar, hvað hún var ófeimin og eðlilega heimamannleg á leiksviðinu, alveg eins og þar væri hennar rétta heimili, og að hún kunni þegar í byrjun öll sín hlutverk utan að. Þetta alt voru góðir leikarakostir, sem menn eiga ofsjaldan að venjast.

Og þó voru öll ytri leiklistarskilyrðin bæði fá og smá hér í bæ á þeim dögum. Þá var ekki fremur en nú neitt hús til í bænum, sem boðlegt væri fyrir sjónleiki, til þess að leikararnir gætu notið sín að að nokkru leyti. Þá þóttu það stök vildar-

kjör og óumræðileg framför fyrir leiklistina þegar leikfélagið fékk salinn og leiksviðið í Iðnó, hjá þeim híbýlum, sem það hafði áður notast við: Fyrst í Glasgow, svo í Fjalakettinum svo nefnda og síðast í Goodtemplarahúsinu, með sínu örlitla leiksvæði og óþægilegu aðstöðu á allan hátt fyrir leikendurna. Á þessu má sjá, hve örðugt það hefir verið og hvað það hefir útheimt mikla áreynslu og hæfileika

leikaranna að geta þó sýnt slíka list, sem Stefanía Guðmundsdóttir hefir oft sýnt, síðan hún kom í fyrsta sinni upp á leiksviðið fyrir 25 árum.

Eg man eftir því að á fyrstu árum mínum hér heyrði eg getið um litla stúlku í barnaskólanum, sem læsi svo framúrskarandi vel. Hún hét Stefanía Guðmundsdóttir og hafði flutzt hingað með fóstru sinni frú Sólveigu Guðlaugsdóttur, austan af Seyðisfirði, þá fyrir skömmu. Síðar heyrði eg að þessi nýfermda unga leikkona væri sú sama og smástúlkan, sem bezt hafði lesið í barnaskólanum, og að á leiksviðinu sýndi hún svo óvenjunæman skilning á hlutverki sínu að furðu gegndi um svo óþroskaðan ungling.

Viðfangsefni hennar urðu fljótt mörg þótt eg ekki nenni að telja þau upp, eða hér sé rúm fyrir það. Fyrsta verkefnið, sem eg man eftir henni í, var »Hjartsláttur Emelíu«. Danskir leikendur höfðu þá skömmu áður leikið þenna smáleik hér og mönnum getist allvel að. En enginn, sem sá bæði meðferð þeirra á þessu hlutverki og meðferð Stefaníu á því, mun þó hafa verið í vafa um það, að hennar leikur bar langt af þeirra. Mér er enn þá í fersku minni þessi kornunga dansklædda stúlka, sem stendur frammi fyrir speglinum og er að bíða eftir vagninum, sem á að sækja hana á hennar *fyrsta* dansleik. *Þvílík* gleði, þvílík tilhlökkun! Hvert einasta orð og hreyfing Stefaníu í þessu litla hlutverki var svo sönn og eðlileg að ekki varð út á sett, og varla að unt væri að hugsa sér það leyst betur af hendi. Eg hefi séð þenna leik seinna í konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn og get fullyrt, að *mér* fanst það sízt betur leikið þar.

Og fleiri og vandameiri urðu hlutverk Stefaníu með hverju ári. Framan af voru það þó auðvitað fremur ungar stúlkur, gladværar og gáskafullar sem hún sýndi. »Trína í stofufangelsi« var ein af þeim. En þótt það væri smáleikur, þá gat Stefanía blásið svo eðlilegu lífi í þessa litlu ærslakollu, að menn gleymdu henni ekki aftur. Það var einmitt þegar hún lék »Trínu í stofufangelsi« og Pernille í »Henrik og Pernille« í Íslendingafélagi í Kaupmannahöfn 1906 að hin alkunna frú Emils Paulsens prófessors sagði við mig um Stefaníu: »*Hun* er et Geni«.

Stefanía fór í fyrsta sinni til útlanda sumarið 1906 og var í Kaupmannahöfn mikinn hluta vetrarins. Sótti hún leikhúsin þar og naut einnig kenslu við leikaraskóla konunglega leikhússins. Má óhætt fullyrða, að hún hafi haft mjög mikið gagn af þessari stuttu veru sinni þar.

Eftir þann tíma var það, sem hún fer aðallega að fást við stærri hlutverkin. Ýmsir héldu að það væri fremur gladværu og léttu hlutverkin, sem henni mundu láta bezt. Enginn gat hlegið hjartanlegar en hún, með þeim óviðjafnanlegasta klukkuhreims töfrahlátri. Menn héldu að sorgin, gremjan, fyrirlitningin og iðrunin ættu ekki jafngóðan hljómgrunn hjá henni.

En sú hefur þó reyndin orðið. Víst munum við eftir henni í fjörugu hlutverkunum, sem skemtu okkur svo innilega, en alvöruþrungnu hlutverkin hennar, Kameliufrúin, Magda og ekki sízt Steinunn í Galdra-Lofti, og Spunakonan í »Kinnarhvolssystrunum«, þau hafa komið tárunum fram í augu okkar, — þau verða oss flestum ógleymanleg. *Þar* kemst list Stefaníu áreiðanlega hæst, *þar* slær hún á dýpstu strengi mannlegra tilfinninga. *Þar er* hún leikarinn af guðs náð.

En hvað hafa bæjarbúar og landið í heild sinni gert til þess að nota þessa sjaldgæfu hæfileika sjálfum oss til gagns og gleði og hvaða sóma og viðurkenningu hafa þeir sýnt þeim? Jú, þegar Stefanía fór utan 1906 til að fullkomna sig í leiklist þá gáfu ýmsir af merkustu mönnum Reykjavíkur henni meðmæli sín til að fá styrk af tveimur *dönskum* sjóðum handa vísinda- og listamönnum. En hvorki alþingi né bæjarsjórn *hefir* víst komið til hugar að styrkja sjónleikalist á þessu landi til muna.[1]) Og ekki heldur kom þeim

1) Stefanía hefir einu sinni fengið 600 króna styrk á fjárlögunum.

mönnum til hugar, sem gáfu Stefaníu meðmæli til að fá *danskt* fé, að gangast fyrir því að við hér heima viðurkendum í *verki* að hún ætti það skilið. — Nei, sjálf fékk hún að kosta ferð sína, bæði þá og síðar án okkar hjálpar. Okkur var nóg að mæla með því að aðrir tækju að sér þær skyldur, sem við áttum sjálf að inna af hendi við hana. Og þó var þetta ekki af því að við findum ekki leikarayfirburði hennar og viðurkendum þá, því fáir leikarar hafa átt jafn almennum vinsældum að fagna hér í bænum sem hún. Hún hefir jafnan verið eftirlætisbarn flestra leikhúsgestanna.

Eg hefi heyrt ýmsa segja, sem séð hafa frú Jóhönnu Dybvad leika, að frú Stefanía minni sig oft á hana þegar hún er á leiksviðinu. Og víst er um það, að þær eiga sammerkt í mörgu, þótt eg ætli ekki að fara hér að gera neinn leikara samjöfnuð milli þeirra. Til þess eru allar kringumstæður svo ólíkar. En leitt er að Stefanía skuli aldrei hafa haft ástæðu til að sjá þessa frægu, norsku leikkonu í hinum ýmsu hlutverkum hennar, einkum í þeim leikritum, sem leikin hafa verið hér heima Það hefur þó í mörg ár verið draumur og ósk frú Stefaníu að geta séð frú Dybvad á leiksviðinu og yfir höfuð að geta kynst norskri leiklist þar í heimahúsum. Það er vonandi að alþingi fari nú að viðurkenna að ýmsir af leikurunum okkar eru ekki síður listamenn en þeir málarar og myndhöggvarar, sem nú hafa árlegan styrk á fjárlögunum. Þetta er þó alls ekki sagt til að gera lítið úr þeim En það er alkunnugt að góðir sjónleikar eru ekki ónauðsynlegri menningarlind en málaralist og myndhöggvara. Leikararnir okkar verðskulda þakkir þjóðarinnar allrar. Þeir hafa lagt á sig mikið erfiði og útgjöld til að koma upp þeim vísi til leiklistar, sem við höfum eignast. Þeir hafa sjálfir ekkert úr býtum borið nema þreytuna og erfiðismunina, því laun þau, sem Leikfélagið hefir getað veitt, getur tæplega talist, þegar þau eru borin saman við allar klukkustundirnar, sem til undirbúnings leikanna hafa farið. Og það hafa eingöngu verið frístundir þessa fólks, sem það átti að eiga sér til hvíldar. Leikstörfin hafa aldrei matt vera annað en hjáverk af því þau hafa ekki gefið neitt teljandi í aðra hönd. Það er því kominn tími til að Alþingi viðurkenni þessa list með því að styrkja beztu leikarana, ekki síður en hina listamennina sem árlegan styrk fá. Að minsta kosti ætti það að styrkja þá til utanferða og skera þann styrk ekki alt of mikið við neglur sér.

Vonandi er að Alþingi veiti á næstu fjárlögnm sínum styrk í einhverri mynd handa fjölhæfustu og beztu leikurunum, annaðhvort sem árlegan styrk, sem auðvitað væri ákjósanlegast, ellegar sem ferðastyrki handa þeim, þegar fer að létta af mesta ófriðarmyrkrinu og aftur fer að rofa til sólar. Um það munu allir samdóma, að fyrsta ferðastyrkinn, sem veittur er leikara af landssjóði, hann sé frú Stefanía Guðmundsdóttir sjálfkjörin til að fá, sem okkar viðurkenda frægasta leikkona, sem hvert land og leikhús gæti verið hreykið bæði af að eiga og að styrkja og launa, meðan hún er í fullu fjöri til að vinna leiklistinni og þjóð sinni gagn og sæmd. Laun í lifanda lífi, sem geta komið að notum, eru meira verð en háreistir minnisvarðar á leiði þeirra, sem launin verðskulduðu — en fengu ekki.

Briet Bjarnhéðinsdóttir.

Kosningarréttarfrumvarp það, sem neðri deild enska Parlamentisins samþykti í vor, hefir í vetur verið til umræðu í efri málstofuni og var samþykt þar við 1. umræðu nokkru fyrir jól. Snemma í janúar var það aftur samþykt með miklum atkvæðamun við aðra umræðu, og er nú gengið í gegnum 3. umræðu og orðið að lögum. Það veitti öllum þrítugum konum pólitísk réttindi, sem kosningarrétt hafa í sveita- og héraðamálum. Kosningarréttur enskra karlmanna er bundinn við 21 ár. Eftir þessum lögum fá 3 miljónir enskra kvenna kosningarrétt

Þ. 6 des. síðastl., samþykti þingið í Hollandi lög, sem veita hollenzkum konum pólitískt *kjörgengi*, en *ekki* kosningarréttinn. Þó má nú veita þeim hann án stjórnarskrárbreytingar.

Framtíðarvonir.

Við áramótin verður mönnum venjulega að staldra svolítið við í huganum og líta aftur á bak til liðna ársins, til að bera það svo saman við hvers menn vænta af hinu nýja ári. Einkum mun flestum fara svo nú. Við erum vön að óska hvert öðru góðs árs, og það gerum við eflaust af öllu hjarta enn þá, þótt útlitið virðist ekki sem glæsilegast. En einmitt þegar mest er í hættu, ríður mest á að líta vel í kringum sig og skoða öll veðurmerki. Þótt þau séu óglögg, má þó oftast eitthvað af þeim læra.

Nýja árið er byrjað, og Kvennablaðið óskar öllum að það verði í alla staði betra en það liðna, að það verði *gott ár*, sem færi mannkyninu frið á jörðu og blessun inn á hvert heimili.

Árið 1917 hefir verið á margan hátt erfitt, jafnvel líka fyrir oss Íslendinga, sem þó aldrei getum nógsamlega þakkað það, að samanborið við aðrar þjóðir höfum vér baðað í rósum. Vér eigum þó fullum friði að fagna, og enn þá má heita að allsnægtir hafi hér verið af flestu því, sem lífsnauðsynjar kallast, þegar það er borið saman við sult og skort annara þjóða.

En hvað ber framtíðin í skauti sínu fyrir okkur íslenzku konurnar? Getum við vænst þess, að þessir skelfilegu ófriðartímar hafi orðið okkur til nokkurs gagns og þroska? Höfum við lært nokkuð af þeim? Orðið sjálfstæðari, óeigingjarnari, sparsamari, víðsýnni og hluttekningarsamari.

Úti í heiminum, bæði meðal ófriðarþjóðanna og þeirra hlutlausu, vinna konurnar margbreytileg verk, bæði með líkama og sál. Þær eru viðurkendar vera beztu verkamenn þjóðanna, þolnar og aðgætnar og sjálfsafneitandi fyrst og fremst. Það eru líka bræður þeirra farnir að finna. Þeir eru farnir að taka þær til jafns við sig í ýmsum greinum. En konurnar taka líka fullan þátt í öllum kjörum þjóðarinnar og vinna hlífðarlaust öll þau störf, sem áður voru falin karlmönnum, þótt þær aldrei áður hafi verið álitnar færar um að leysa þau af hendi. —

Þetta hefir haft þann árangur, að augu stjórnendanna eru farin að ljúkast upp fyrir hæfileikum kvenna. Hvert landið og þjóðfélagið á fætur öðru viðurkennir þær sem jafnréttháa borgara og karlmennina. Það eru ávextirnir af hinni ósérhlífnu þátttöku þeirra í þjóðfélagsstörfunum. Þær hafa nú til fulls lært að nota krafta sína og hæfileika og þá hafa þær verið viðurkendar að meira eða minna leyti.

Það er þetta, sem við íslenzku konurnar þurfum að læra í framtíðinni: Að nota krafta okkar, andlega og líkamlega. Til þess verðum við fyrst og fremst að læra að vinna saman, og læra að taka á okkur veg og vanda af öllum störfum þjóðarinnar. Ekki að ætla karlmönnunum einum öll vandasömustu störfin, heldur leggja sjálfar hönd á plóginn með þeim.

Margar konur spyrja líklega: Hvað eigum við þá að gera annað en það, sem við höfum gert hingað til?

Þið eigið að leggja ykkar skerf allstaðar fram. Eru konur ekki jafn óánægðar með alt og karlmennirnir? Því vilja þær þá komast hjá að leggja sig fram til að bæta úr því, sem er óánægjuefnið?

Menn tala um illa og óviturlega stjórn á öllum sviðum. Þar leggja konur venjulega sinn dóm líka á og hafa líka rétt til þess nú, þegar við erum orðnar réttmætir borgarar þjóðfélagsins. En þá berum vér einnig ábyrgð á öllum þessum misfellum. Því þá ekki að koma fram og taka sjálfar þátt í þessum ýmsu stjórnum? Þá er hægt að hafa áhrif, ef nógu margir samhentir kraftar leggja sig fram um að ráða úr vandkvæðunum. Nú þegar við höfum atkvæðisrétt í öllum lands- og sveitamálum, þá höfum við líka ábyrgð á, hvernig þau eru til lykta leidd.

Það eru vonirnar um hluttöku kvennanna í öllum þjóðfélagsmálum, sem nú

virðist vera stærsti ljósdepillinn á framtíðarhimni þjóðanna. Og ef svo er annarstaðar, þá er líklegt að íslenzku konurnar hafi líkt hlutverk að inna af hendi. Að þær bæði eigi og geti orðið meðhjálp karlmannanna til þroskunar og framfara þjóðfélagi voru. En til þess verðum við að hafa glögga tilfinningu fyrir öllu því sem aflaga fer og glögt auga fyrir umbótunum, sem á misfellunum þurfa að verða.

Samtök kvenna.

Nú á þessum dýrtíðartímum heyrist oft kvartað yfir að ýmsir embættismenn og starfsmenn þess opinbera hafi alt of lítil laun. Þau séu frá gömlu tímunum, einkum embættismannalaunin. Ýmsir starfsmenn þess opinbera hafa bæzt við, sem lág laun þykja hafa, samanborið við þær þarfir, sem dýrtíðin skapar. En engir af þessum mönnum hafa þó af slíkum sultarkjörum að segja sem ritsíma og talsíma stúlkurnar. Það er blátt áfram ósæmilegt hvernig með þær er farið í því tilliti.

Engir finna þetta heldur betur en símafólkið sjálft, því flestir karlmennirnir í þeim flokki eru líka illa launaðir, þótt út yfir taki launakjör símakvennanna. Það er því ekki ófróðlegt að skýra hér frá launabreytingum þeim, sem orðið hafa á kjörum símastúlknanna í Noregi, nú þegar Norðmenn fóru að breyta launakerfi sínu á síðasta ári. Að launin urðu svo þolanleg, sem þau nú eru, eru að þakka samtökum símakvennanna sjálfra, sem hafa sambandsfélög milli sín um alt landið, og sendu í gegnum sambandsstjórn sína ákveðnar launakröfur, sem símastjórnin styrkti og síðan var tekin til greina af launanefnd Stórþingsins og þinginu sjálfu.

Launahækkunin til allra ritsíma og talsímaflokkanna nemur samtals 1,700,000 krónum.

Laun ritsímakvenna eru þessi eftir báðum launalögunum:

Símastýrur:

Gömlu launin:

1. flokkur byrjunarlaun hækkandi kr. 1800—2100
2. — — — — — 1600—1900
3. — — — — — 1200—1500
4. — — — — — 1000—1300

Nýju launin:

1. fl. Kr. 2600 hækkandi til 3200
2. — — 2200 — — 2800
3. — — 1800 — — 2400
4. — — 1600 — — 2200

Ritsímastúlkur:

Gömlu launin: Kr. 1200—1900
Nýju launin: — 1800—2800

Aðstoðarsímastúlkur við ritsíma og langa talsíma:

Gömlu launin: Kr. 1000—1600
Nýju launin: — 1600—2400

Aðstoðarskrifstofustúlkur við ritsímastjórnina og stöðvastjórnirnar:

Gömlu launin: 1. fl. Kr. 1600—2400
2. — — 1200—1900
Nýju launin: 1. — — 2000—3000
2. — — 1800—2700

Nýstofnuð staða fyrir kvenlega fulltrúa:

Kr. 2600—3200.

Vara-ritsímastúlkur:

Gömlu launin: 900. — Nýju launin: 1200.

Vara-ritsímastúlkur sem unnið hafa meira en 3 ár, teljast þá sem fastir starfsmenn með 200 kr. aldurshækkun. Öll aldurshækkun er 200 krónur 3. hvert ár, nema fyrir skrifstofuaðstoðarstúlknr, sem fá 230 kr. hækkun 3. hvert ár.

Símastúlkurnar hafa lengi átt við lág launakjör að búa í Noregi, enda tók símastjórnin hér laun þeirra til fyrirmyndar, þegar laun símastúlknanna hérna voru afmörkuð. Verst er að laun símastúlknanna okkar eru þó miklu lægri, og vinnutíminn miklu lengri, en norsku stúlknanna, sem núna hafa þó fengið dálitla bót á launakjörum sínum.

Í Noregi var staðar(lokal)talsímafólkinu miklu ver launað en því sem var við ríkissímann. Gömlu launakjörin voru þau, að byrjunarlaunin voru 850 kr. árlega fyrir 6 stunda vinnu og fór hækkandi um 100 kr. 3. hvert ár til 1450 kr. Nú þar á móti eru byrjunarlaunin 1300 kr. sem fara hækkandi með 150 krónum 3. hvert ár til 1900 kr. Þetta varð tiltölulega hart fyrir þær, sem lengur höfðu verið. Hámarkslaunin eru 1900 kr. En þær, sem höfðu verið 12 ár, fengu nú við launahækkunina strax hæstu launin eða 1900 krónur, sem þær eftir gömlu reglunni hefðu orðið að bíða eftir í 6 ár, og þó ekki fengið þá nema 1450 kr. — Allir launaflokkar hafa orðið að draga frá 120 kr. árlega í eftirlaunasjóðinn. Nú frá 1918 dregst 10 prósent frá laununum mánaðarlega.

Eldri símakonurnar eru óánægðar með hámarkslaunin og vilja fá 2 hækkunartímabilum bætt við með 150 kr. hækkun, svo hámarkslaunin verði 2200 kr. eftir 18 ára þjónustu. Einkum vegna þess að hér eftir verður enginn fastráðin símakona, vegna þess að áður en langt um líður, missa þær allar stöðu sína, því þá verður farið að nota »Automata« við símann í stað símaþjóna. Í ráði er að allar símakonur fái eftirlaun úr eftirlaunasjóði ríkisins frá 1918.

Auk þessarar launahækkunar fá allar símastúlkurnar 240 kr. á ári í dýrtíðaruppbót.

Þessi launakjör norsku stúlknanna eru þó talsvert sæmilegri en launakjör íslensku símastúlknanna. Það er líka alveg furðulegt að nokkur fleyg og fær stúlka fáist upp á þau kjör, því með því verða þær að eyða sínum beztu árum, sem ómagar að meira eða minna leyti hjá aðstandendum sínum, og hvað verður svo af þeim ef þeir deyja, eða geta ekki lengur hjálpað þeim? Ellegar ef þær verða veikar um lengri eða skemmri tíma. Hver á þá að standa straum af þessum starfsmönnum landssjóðs?

Þegar símafólkið fyrir fáum árum gerði ofurlitla tilraun til að upphefja þessa launaþyndingarreglu símastjórnar og landsstjórnar með því að gera verkfall, þá tók þingið svo alvarlega í taumana, að það gaf út lög, sem banna öllum opinberum embættismönnum og starfsmönnum að gera verkfall. Það er víst dæmafátt að verkföll séu bönnuð með lögum nokkurstaðar. Það hlýtur að vera réttur hvers manns að geta lagt niður vinnuna þegar honum, sýnist ef hann er ekki bundinn föstum samningum. Auðvitað má tryggja sig gegn verkfalli með samningum, og er líka oftast reynt. En að lögbanna verkföll, hefir fáum öðrum en Alþingi Íslendinga hugkvæmst. Slíkir fulltrúar þjóðarinnar yrðu að líkindum í öðrum löndum ekki sendir oftar á þing til að gæta hagsmuna hennar. En hér taka menn ekki eftir smámununum, og síst þar sem lægstlaunuðu starfsmennirnir eiga hlut að máli.

Til þess að laga þessi ranglátu launakjör símakvennanna hér, verða þær sjálfar að taka höndum saman, með félagsskap um land allt.. En þær verða að gera meira: þær verða að fá pólitísku flokkana á þingi til að taka að sér þetta launamál þeirra og fá sér góðan framsögumann til að flytja málið. Þær verða að fá kvenfélög og konur yfirleitt til að taka svari þeirra og gera áhrif sín gildandi, sem kjósendur, þegar undirbúningsfundir eru haldnir fyrir þing. Þetta er eitt af þeim málum, sem alla kvenþjóðina varðar að vísu, en skinnið er þó nær manni en skyrtan, og sjálfar verða símakonurnar að útvega sér hjálp og formælendur til að ná skaplegum rétti. Þær mega vita að steiktar gæsir fljúga ekki í munn þeirra fyrirhafnarlaust. Sjálfar verða þær að eiga frumkvæðið að umbótakröfunum. Með því hafa konurnar allstaðar bætt kjör sín, og svo verður einnig hér. Annars mun þeirra ekki álítast þörf.

Utan úr heimi.

Amerískar konur.

Lesendur Kvbl. muna eflaust eftir því, að árið 1915 höfðu amerískar konur í hinu stóra New York fylki mikinn viðbúnað. Stjórnarskrárbreyting hafði verið samþykt á fylkisþinginu, sem veitti konum öll pólitísk réttindi. En málið varð að berast undir atkvæði kjósendanna, samhliða nýjum kosningum og þar féll það, en hafði þó fengið afarmikið fylgi. Atkvæðamunurinn var víst um 500,000, sem þótti ekki mikið eftir þeim geysimikla atkvæðafjölda, sem þar var um að ræða.

Konurnar höfðu, þrátt fyrir þenna ósigur, í raun og veru unnið stóran sigur. Þær höfðu fengið með sér mjög stóran hluta kjósendanna í stærsta og afturhaldssamasta austurríkinu. »Ef það vinst, þá kemur öll Ameríka á eftir«, sögðu bæði þær og mótstöðumenn þeirra. Það voru vínsölumennirnir, sem lögðu fram fé til agitationa móti þeim. Þeir óttuðust konurnar.

En þær létu ekki hugfallast þrátt fyrir ósigurinn. Frá þinghúsinu, þar sem atkvæðagreiðslan var lesin upp, héldu þær í skrúðgöngu fylktu liði um alla borgina og héldu svo fund í stærstu fundarhöll New York á eftir, þar sem þær héldu brennheitar agitationsræður og söfnuðu peningum í 100,000 dollara tali til næstu agitationa fyrir 1917. Þær voru byrjaðar aftur.

Árangurinn af þessari tveggja ára baráttu þeirra er stórfeldur glæsilegur sigur. Þingið samþykti stjórnarskrárbreytinguna um pólitísk réttindi kvenna með afarstórum meiri hluta, og kjósendur New York fylkisins samþyktu frumvarpið 6. nóv. síðastl. með *1,188,670 atkvæða meiri hluta.* Og auðvitað voru það alt karlmenn, sem þau atkvæði greiddu.

Þetta var glæsilegur sigur. En þar höfðu konurnar heldur enga fyrirhöfn né fé sparað til. Allar frægustu mælskukonur kvenréttindafélaganna í Ameríku fylktu sér um þetta mál og komu New York konunum til hjálpar. Skýrsla um þessi kosninga-endalok, sem stendur í »Jus Suffragii« frá 1. des. f. á., gefur dálitla hugmynd um kapp amerísku kvennanna, dugnað og sigurgleði. Þar stendur meðal annars:

»Kosningarbaráttan í New York.

Það er nauðsynlegt að senda þetta bréf áður en gengið er til atkvæða og nýrra kosninga um kosningarrétt kvenna í New York fylki 6. nóvember. Ritsíminn mun hafa sagt ykkur endalokin löngu áður en þið lesið þetta. Af því Norðurálfukonurnar þurfa ekki að fá kosningarrétt-

inn gegnum almenna atkvæðagreiðslu, þá geta þær ekki gert sér hugmynd um alla þá erfiðismuni, sem þetta hefir í för með sér fyrir konur í Bandaríkjunum, þar sem allur kosningarréttur þeirra verður að fást með þessari aðferð. —

Þetta er sú heitasta kosningabaráttа, sem nokkurn tíma hefir verið háð, svo alþjóða sambandsfélagið hlýtur að hafa ánægju af að vita um, hvernig hún fór fram. Þessi barátta hefir í raun og veru staðið í 4 ár, því það varð ekkert hlé á henni eftir ósigurinn 1915, sem varð eftir tveggja ára harða baráttu. Hún hófst aftur morguninn eftir ósigurinn og hefir aldrei lint síðan fyr en nú að við höfum sigrað. Í öllum borgum New York fylkisins hafa skrifstofur með miðstjórnum verið settar upp og mikill fjöldi fastra starfsmanna ráðinn. Alt hugsanlegt hefir verið gert til að reyna að ná til þjóðarinnar, skrifað í blöðin, settar upp götuauglýsingar, geysistórir fánar hengdir yfir þverar götur — leiftrandi rafljósaletur í loftinu — auglýsingar í hverjum vagni á strætunum og bréf send til allra kjósenda. — Það kostar hér um bil 20,000 dollara að senda áskorun til hvers kjósanda, og þetta hefir oftsinnis verið gert.

Öllu ríkinu hefir verið skift í kjördæmi og kvennanefnd verið sett í hverju þeirra til að stjórna kosninga-undirbúningnum. Voru þessar konur 6000 að tölu og fékk engin þeirra laun. Hafa hundruð og þúsundir kvenna gefið málefninu tíma sinn og erfiði — en þrátt fyrir það er talið að kosninga-undirbúningurinn muni kosta alt að hálfri miljón dollars og hafa konur lagt alt það fé fram. —

Fundir voru haldnir svo hundruðum skifti — hvar sem því varð komið við.

Mrs. Catt og Dr. Shaw hafa talað á hverju kvöldi í stærstu samkomusölum ríkisins. — Fundir hafa verið haldnir á strætum úti — konur hafa leitað stuðnings allra félaga — hver einasti af tveimur miljónum kjósenda ríkisins vissi um hvað barist var. Áhrifamest varð áskorun með undirskriftum 1,014,000 kvenna, 21 árs og þar yfir — er báðu karlmenn New York ríkis um að gefa sér kosningarrétt.

27. október gekk fylking 20,000 kvenna af öllum flokkum og stéttum, í gegnum stærstu götu bæjarins, Fifth Avenue, að á horfandi miljón manna. Þær báru þessar áskoranir — voru undirskriftirnar málaðar á þykkan pappa, frá hverju héraðinu eftir annað, svo allir gætu séð þær. Áskoranirnar frá konum New York bæjar — en helmingur allra undirskrifta var þaðan — báru konurnar á bakinu í atkvæðakössum, og stóðu tölur utan á þeim, sem sýndu, að í mörgum hlutum bæjarins var tala þeirra kvenna, er æsktu atkvæða, hærri en tala kosningarbærra karlmanna þar. Tilgangur þessara áskorana var að rota þessi alþektu, steingervu mótmæli andstæðinga kvenréttindamálsins: »Konur vilja ekki fá kosningarrétt«. Aldrei hafa jafnmargir karlmenn notað kosningarrétt sinn við nokkrar kosingar í New York fylki eins og konurnar voru margar, sem skrifuðu undir þessa áskorun.

Um áhrif þessa sigurs fyrir kosningarréttarmálið segja amerískar konur enn fremur:

»Vér álítum þetta stærsta sigurinn, sem unninn hefir verið nokkurstaðar fyrir kosningarrétt kvenna, af því að hann er unninn með 1,188,670 atkvæða meiri hluta *kjósendanna sjálfra*, en í öðrum löndum hefir að eins atkvæðamunurinn í *þingunum* ráðið úrslitunum. Hér hefir tala þeirra kvenna, sem kosningarrétt fá nú, verið hærri en sú tala, sem nokkurn tíma áður hefir fengið kosningarrétt í einu.

Það hefir líka verið stórkostlegasta kosningarbaráttan, sem háð hefir verið í Bandaríkjunum, af því New York fylki ber höfuð og herðar yfir alt landið. Við höfum unnið langfjölmennasta ríkið í Bandaríkjunum og atkvæðin í næststærsu borg heimsins. Og það sem ef til vill er það mikilvægasta: við fáum fjörutíu og þrjá meðlimi Allsherjarþingsins í Washington kosna með atkvæðum kvenna. Við byrjuðum undir eins næsta morgun eftir kosningarnar, á baráttunni um sambandslagabreytinguna. Það verður harður bardagi, sem við vinnum ekki í þetta sinn á Sambandsþinginu. En við vinnum það eflaust á næsta Sambandsþingi. Okkar meiri hluti í borginni New York er svo stór — hér um bil 94,300. — Það er engin hætta möguleg af því, að atkvæði hermannanna okkar breyti nokkru.

Þið megið trúa því, að hér hefir verið mikið að gera. Það hefir verið vakningartími og þó spennandi og þreytandi — eftir á. Við höfum verið að kafna í heillaóskum, munnlega, símalega, bréflega og í blöðum. Við höfum hér á skrifstofunni tekið á móti hér um bil 850 blaðaúrklippum daglega. Blöðin hafa verið óviðjafnanleg: Að eins eitt blað í allri New York, að meðtalinni Brooklyn, hefir verið okkur andstætt. Wilson forseti hefir verið okkar mesti bjargvættur til að vinna sigurinn. Undirskriftaáskorunin okkar með 1,015,000 nöfnum kvenna, sem eru yfir 21 árs gamlar, hefir verið önnur sterkasta hjálpin. Líklega hefir þó vinna kvenna í ýmiskonar þarfir hersins unnið okkur flesta vini og hjálpað mest til góðra úrslita. Við höfum enn þá ekki haft tíma til að safna nákvæmum skýrslum um þetta.

Við erum þess fullvissar, að Wilson forseti